

AUGLÝSING

um virkjunarsvæði á Hellisheiði í Sveitarfélaginu Ölfusi - vatnstökusvæði við Engidalskvísl.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 26. júní 2008 samþykkt deiliskipulag er nær til vatnstökusvæðis við Engidalskvísl, Ölfusi, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagið, ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerðar hafa verið þær breytingar á uppdráttum sem Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum. Málsmeðferð er skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagssvæðið er á Bolavöllum við Engidalskvísl, vestur af Engidal og Húsmúla. Skipulagssvæðið er um 6,1 ha að flatarmáli og er allt innan Sveitarfélagsins Ölfuss á afréttarlandi.

Í umhverfismati fyrir Hellisheiðavirkjun frá 2003 er greint frá fyrirkomulagi vegna vatnstöku við Engidalskvísl og áætlun um umfang jarðrasks og svæða sem munu fara undir mannvirki. Í úrskurði Skipulagsstofnunar er fallist á fyrirhugaða virkjun með skilyrðum og eina skilyrðið sem náði til vatnstökusvæðisins er ákvæði um eftirlit með áhrifum vatnstöku á grunnvatn.

Mestur hluti brunnsvæðisins er flatlendi sem tilheyrir Bolavöllum en nyrsti hluti þess nær upp í illa grónar hæðir norður af svæðinu. Samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 er deiliskipulagssvæðið innan Verndarsvæðis I, brunnsvæði, en brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Í aðalskipulagi er brunnsvæðið við Engidalskvísl skilgreint sem 260 ha og grannsvæðið einnig skilgreint og er það um 1800 ha. Þekktar fornleiðir eru ekki innan svæðisins en forn þjóðleið liggur við jaðar brunnsvæðisins, við Húsmúla.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 3. október 2008.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2008